

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. Ammann 2 Færánleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	15.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Ammann 2	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Sigþór Sigurðsson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli og Björk	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik fundust í eftirliti:

Skrifleg áætlun yfir þær ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning malbikunarstöðvarinnar lá ekki fyrir og því ekki borin undir Umhverfisstofnun, sjá gr. 1.5

Ársyfirlit stöðvarinnar fyrir 2021 með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga hefur ekki borist Umhverfisstofnun, sjá gr. 4.5.

Þrjár ábendingar voru gerðar. Ábending um að þjónusta búnað sem tekur afsog af „mixer“ stöðvarinnar, að bæta skráninga á eftirliti og viðhaldi á rifnum pokum og ryki í útblæstri og að tilkynna slökkviyfirvöldum svæðisins nýja staðsetningu stöðvarinnar þegar hún er færð á milli staða.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Gísli Eymarsson og Björk Úlfarsdóttir frá Colas Ísland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Farið var í reglubundið eftirlit með færánlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. – Ammann2. Stöðin er staðsett í Tálknafirði. Starfsleyfið er frá desember 2020 og gildir til 2036. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Dagskrá:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar í útblæstri.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Stöðin er með nýlegt starfsleyfi fyrir malbikunarstöð með breytilega staðsetningu. Stöðin var um tíma á Krossanesi 7 og Höfn í Hornafirði árið 2020 og um tíma í Skápadal í Patreksfirði haustið 2021.

Bann 12. júlí sl. barst Umhverfisstofnun afrit af sampykki landeiganda (Arctic Smolt hf. kt. 600212-2570) fyrir timabundinni staðsetningu á malbikunarstöðinni á landi félagsins (malarinnámu) í Norðurbotni í Tálknafirði. Fulltrúar sveitafélagsins fengu afrit af sampykki landeiganda.

Stöðuleyfi fyrir stöðina í Skápadal í Patreksfirði hefur ekki borist stofnuninni.

Við komu í eftirlit var stöðin í gangi og því verið að þurka hráefni í malbikið. Keypt var tilbúin steinefnablanda frá útlöndum til þess að einfalda verkið. Gufa steig upp af stöðinni og eins virtist óvenju mikið af ryki í útblæstrinum. Mælingar í skorsteini hafa ekki verið gerðar eftir flutning stöðvarinnar á Tálknafjörð og því ekki hægt að staðfesta að farið hafi verið fram úr losunarmörkum fyrir ryk (gr. 3.5 í starfsleyfi (50 mg/Nm³)). Erlendir starfsmenn (verktakar) voru við rekstur stöðvarinnar og kom fram hjá þeim að líklega væri afsog (vacuum / undirþrýstingur) af „mixer“ í ólagi. Farið var fram á að gert yrði við stöðina og mælingar í skorsteini framkvæmdar við fyrsta tækifæri, en árlegar mælingar skulu fara fram til þess að meta stöðu stöðvarinnar gagnvart losunarmörkum. Þetta er skráð sem ábending en ekki frávik frá kröfum þar sem ekki var hægt að sýna fram á að ryk í útblæstri væri yfir starfsleyfismörkum.

2. Bikgeymar stöðvarinnar rúma 22 tonn og díselgeymir (áfastur stöðinni) rúmar 13000 lítra. Rekstraraðili tók að sér að yfirfara skráningar á geymunum og koma upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

3. Farið var yfir kröfur starfsleyfisins og gögn sem þurfa að liggja fyrir. Skriflegar áætlunar voru skoðaðar. Í nýju starfsleyfi er ekki gerð krafa um skriflega áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar en í stað hennar er komin krafa um gerð áætlunar yfir þær ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning malbikunarstöðvarinnar. Hvernig ráðstafa skuli úrgangi efnunum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi á viðurkenndan hátt. Áætlunin skal borin undir Umhverfisstofnun. Þessi áætlun lá ekki fyrir í stöðinni og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi, sjá gr. 1.5 í starfsleyfi.

Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar er til en bent er á að bæta þarf skráninga á eftirliti og viðhaldi á rifnum

pokum og ryki í útblæstri.

Aðrar áætlanir liggja fyrir en bent er á að þar sem malbikunarstöðin er með breytilega staðsetningu þarf að tilkynna sig inn á svæði viðkomandi slökkviliðs með upplýsingum um tímabundna staðsetningu stöðvarinnar.

Mælingar í útblæstri Ammann2 stöðvarinnar voru gerðar þegar stöðin var staðsett í Krossanesi þann 7. júlí 2021.

Ryk í útblæstri mældist 14,9 mg/Nm³ sem er vel undir losunarmörkum í starfsleyfi. Önnur gildi voru einnig í lagi.

Umreknaður útblásturshraði reyndist 19,47 m/s sem er í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar liggur fyrir. Farið var yfir fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs og skráningar sem kröfur eru um. Stefnt er að rafraðni skráningu í miðlægan gagnagrunn félagsins.

Ársyfirlit stöðvarinnar með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga hefur ekki borist fyrir árið 2021. Krafa um ársyfirlit er í grein 4.5 í starfsleyfi. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

EKKI er krafa um skil á grænu bókhaldi né útstreymisbókhaldi fyrir færarlegar malbikunarstöðvar.

4. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Áhættumat er endurskoðað árlega.

5. Gengið var um starfssvæði rekstraraðila. Gróf möl er á svæðinu og var undirlagi jafnað undir verksmiðjuna áður en rekstur hófst. Aðeins bar á menguðum jarðvegi við olíumannvirki og er krafa gerð um að mengaður jarðvegur sé fjarlægður þegar verksmiðjan verður flutt á nýjan stað. Ábendingar hafa borist um ryk í útblæstri en engar formlegar kvartanir.

Botnsá í Tálknafirði er í um 100 metra fjarlægð frá vinnusvæðinu en sjóbirtingur og lax hefur veiðst í ánni. Því þarf að fara varlega við rekstur olíumannvirka á lóðinni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í gr. 1.5 í starfsleyfi

Skrifleg áætlun yfir þær ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning malbikunarstöðvarinnar lá ekki fyrir og því ekki borin undir Umhverfisstofnun.

ákvæði í gr. 4.5 í starfsleyfi

Ársyfirlit stöðvarinnar fyrir 2021 með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga hefur ekki borist Umhverfisstofnun.

ÁBENDINGAR

Þjónusta skal búnað sem tekur afsog af „mixer“ stöðvarinnar.


Bæta skal skráninga á eftirliti og viðhaldi á rifnum pokum og ryki í útblæstri.

Tilkynna skal viðeigandi nýja staðsetningu stöðvarinnar þegar hún er færð á milli staða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.09.2022


Gottskálk Friðgeirsson